



Alþingi  
Erindi nr. P 139/458  
komudagur 29.11.2010

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
B.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, 187. mál.**

Með tölvupósti dags. 22. nóvember síðastliðinn fór nefndasvið Alþingis þess á leit við Samkeppniseftirlitið að stofnunin léti í té álit sitt á frumvarpi til breytinga á lögum um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum, 187. mál (hér eftir frumvarpið).

**1.**

Samkvæmt frumvarpinu skal sá er nýtur ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum greiða ábyrgðargjald í ríkissjóð vegna þeirra skuldbindinga. Skal ábyrgðargjaldið samsvara þeirri ívilnun sem ríkisábyrgðin felur í sér. Gjaldið svarar því til þess munar sem er á þeim vöxtum sem greiddir eru og þeim vöxtum sem hefðu verið greiddir af skuldbindingum ef engrar ríkisábyrgðar nyti við.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að það sé lagt fram ásamt tveimur öðrum sem varða sérstaklega Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur.

**2.**

Samkeppniseftirlitið telur þá breytingu sem í frumvarpinu felst vera jákvæða. Mörg þeirra fyrirtækja sem frumvarpið hefur áhrif á eru í samkeppnisrekstri og getur munað verulega um það á samkeppnismörkuðum að njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum. Samkvæmt því mati sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur ríkisábyrgð Landsvirkjunar t.a.m. fært félaginu ávinning sem samsvarar 0,45% af skuldum félagsins. Er ekki gert ráð fyrir öðru í frumvarpinu en að gjaldið verði lagt á öll fyrirtæki sem njóti ríkisábyrgðar.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum er gert ráð fyrir því að ábyrgðargjald Orkuveitu Reykjavíkur leggist aðeins á samkeppnisrekstur félagsins. Önnur orkufélög hafa flest skilið á milli samkeppnisrekstrar og einkaleyfisstarfsemi. Með því er skýrt hvernig skuldir eru tilkomnar og á hvaða



skuldbindingar gjaldið skuli vera iagt. Samkeppniseftirlitið telur jafnframt að færa megi fyrir því rök að eðlilegt sé að leggja gjaldið jafnframt á þann hluta starfsemi félagsins sem nýtur einkaleyfis á meðan ekki hefur verið skilið á milli þess hluta starfseminnar og samkeppnisrekstrar enda getur staða þess síðarnefnda haft áhrif á samkeppnishlutann með ýmsum hætti. Skyldi í því samhengi miða við þá áhættu sem raunverulega er á greiðslufalli viðkomandi fyrirtækis.

Loks telur Samkeppniseftirlitið rétt að taka fram að mikilvægt er ekki verði litið á gjaldið sem greitt er fyrir ábyrgð á skuldbindingum sem arðgreiðslu sé hið opinbera eða hluti þess í hlutverki eiganda og ábyrgðaraðila. Gera skyldi sjálfstæða kröfu um arðsemi þeirra félaga sem ábyrgðar njóta.

### 3.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er það skoðun Samkeppniseftirlitsins að frumvarpið feli í sér jákvæða breytingu sem getur orðið til þess að styrkja samkeppni á þeim mörkuðum þar sem fyrirtæki starfa sem njóta ríkisábyrgðar.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

  
Snorri Stefánsson